

Alþingi
Erindi nr. P 140/2272
komudagur 8.5.2012

-----Original Message-----

From: Bjargey Ólafsdóttir [<mailto:bjargey@simnet.is>]

Sent: 8. maí 2012 00:00

To: Ritstjóri vefsins

Subject: Fyrirspurn - Ábending

Athugasemd: Ekki vaða í að virkja háhitasvæðin á Reykjanesskaganum.

Það voru mistök að leyfa háhitavirkjanirnar á Hellisheiðinni og að

breyta þeirri fögru heiði í kyndiklefa. Það svæði var býsna fagurt og

ég notaði það mikið sem útivistarsvæði, núna er það ónýtt og óvistlegt. Við skulum huga að því að meira en helmingur Íslendinga býr

á höfuðborgarsvæðinu og því er Reykjanesið útivistarsvæði okkar sem og

annarra íbúa jarðarkringlunnar sem sækja okkur heim. Loftið í kringum

þessar virkjanir spillist vegna eiturefna sem fara út í loftið, eins

og brennisteinsins, affallsvatn þessara virkjana er auk þess baneitrað. Það er merkilegt að það hafa ekki verið gerðar neinar

rannsóknir á eitrunaráhrifum Hellisheiðavirkjunar og annarra slíkra

virkjana.

Bjargey Ólafsdóttir myndlistarmaður og náttúruunnandi

www.siebenachtneun.de/bjargey

bjargey@simnet.is

tel: +354 8616323